



Innviðaráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 11. ágúst 2022

Efni: Áform um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða, mál nr. 130/2022

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða, mál nr. 130/2022 sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 18. júlí sl. Áformin byggja á því mikilvæga markmiði að greiða fyrir flýtingu mikilvægra framkvæmda með því að afla lagaheimildar til stofnunar opinbers hlutafélags eða hlutafélaga um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða. Í því sambandi er mikilvægt að í frumvarpinu verður hlutverk og markmið slíks félags skilgreint nánar ásamt þeim heimildum sem það hefur.

SI fagna umræddum áformum og telja mikilvægt að þjóðhagslega arðsömum verkefnum á sviði samgagna sé flýtt. Mörg brýn verkefni liggja fyrir á þessu sviði sem mikilvægt er að ráðast í. Þjóðhagslegur ávinningur af slíkum verkefnum er oft umtalsverður. Með því að flýta uppbyggingu innviða sem þessara er fjárfest í getu hagkerfisins til verðmætasköpunar fyrirtækjum og heimilun til heilla.

Ljóst er að þegar farin er þessi leið við samgönguframkvæmdir þá getur falist í því aukinn þáttur notkunargjalda fyrir samgöngumannvirki. Mikilvægt er í því sambandi að fyrirhuguð gjaldtaka sé einföld, sanngjörn og hófleg og feli ekki í sér aukna skattheimtu frá því sem nú er.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður Hannesson', written over a horizontal line.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri